

NORÐUR-BOTN

Tillaga að deiliskipulagsbreytingu – leiðrétting

Deiliskipulag fyrir Norður-Botn var samþykkt í september 2014. Tillaga að óverulegri breytingu á deiliskipulaginu, dags. 13. Júlí 2016, var grenndarkynnt sumarið 2016. Í tillögunni kemur fram að hámarks byggingarmagn innan byggingarreits I aukist úr 8.000 m² í 8.300 m² en um misritun er að ræða. Rétt hámarksstærð er 12.000 m², sem er í samræmi við önnur gögn er varða framkvæmdina og kynnt hafa verið fyrir stjórn sveitarfélagsins.

Eftirfarandi leiðrétting er gerð á *Tillögu að deiliskipulagsbreytingu fyrir Norður-Botn*, dags. 13. Júlí 2016:

Kynnt tillaga:

Greinargerð, 3. málsgrein:

Hámarksbyggingarmagn innan byggingarreits I eykst í 8300 m² í stað 8000 m². Hámarksvegghæð byggingar er 6 m og hámarks mænishæð er 9 m eins og í gildandi deiliskipulagi. Að öðru leyti gilda ákvæði gildandi skipulags, sem og laga og reglugerða sem við eiga.

Tafla - Yfirlit breytinga

	Gildandi skipulag	Nýtt skipulag	
	Byggingarreitur I	Byggingarreitur I	Stækkun
Stærð byggingarreits í m ²	19.572	20.372	800
Hámarksstærð bygginga í m ²	8.000	8.300	300
Hámarksvegghæð í m	6	6	0
Hámarks mænishæð í m	9	9	0

Leiðrétt tillaga:

Greinargerð, 3. málsgrein:

Hámarksbyggingarmagn innan byggingarreits I eykst í 12000 m² í stað 8000 m². Hámarksvegghæð byggingar er 6 m og hámarks mænishæð er 9 m eins og í gildandi deiliskipulagi. Að öðru leyti gilda ákvæði gildandi skipulags, sem og laga og reglugerða sem við eiga.

Tafla - Leiðrétt yfirlit breytinga

	Gildandi skipulag	Nýtt skipulag	
	Byggingarreitur I	Byggingarreitur I	Stækkun
Stærð byggingarreits í m ²	19.572	20.372	800
Hámarksstærð bygginga í m ²	8.000	12.000	4000
Hámarksvegghæð í m	6	6	0
Hámarks mænishæð í m	9	9	0

Leiðréttingin var kynnt hagsmunaaðilum, sem gera ekki athugasemd við hana:

Samþykkt

Leiðrétting þessi, á tillögu að deiliskipulagsbreytingu fyrir Norður-Botn – dagsett 13. júlí 2016, hefur verið grenndarkynnt skv. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Leiðréttingin var samþykkt í byggingar-,
skipulags- og umhverfisnefnd þann _____
og í sveitarstjórn þann _____.
